

Mál nr. 33/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X): sveitarfélag

Skaðabótaábyrgð, sveitarfélag

Gögn.

1. Málskot, ásamt fylgiskjöllum, móttengið 27. janúar 2022
2. Bréf V dags. 31. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 20. janúar 2018 þegar M féll í gjótu sem var við stíg við Búrfellsgjá. M féll um 7 metra niður og slasaðist.

M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að X, sem vegahaldari og eigandi göngustígs, hafi ekki haldið honum við í samræmi við ákvæði vegalaga nr. 80/2007. M hafi verið í göngutúr á fjölförnum stað sem opinn er almenningi. M hafi gengið eftir stíg frá bílastæði þegar hún féll í gjótu sem var við stíginn. Engar merkingar hafi verið gjótuna eða í kringum hana sem gáfu tilefni til þess að ætla mætti að hættulegt væri að ganga um svæðið. M byggir á því að rík skylda hafi verið á X að sinna viðhaldi göngustígsins. X beri þannig fulla skaðabótaábyrgð gagnvart M á því tjóni sem hún varð fyrir í slysinu á grundvelli almennu sakareglunnar.

V hafnar kröfum M og vísar til þess að M hafi ekki fallið í sprungu á göngustígnum sjálfum heldur hafi sprungan verið fyrir utan göngustíginn. Þannig hafi slysið orðið fyrir utan stíginn á svæði við náttúrlegar aðstæður og sprunga á þessu svæði eigi ekki að hafa komið á óvart. Hér sé ekki um manngerða holu að ræða og gangandi verði ávallt að gera ráð fyrir að sprungur, holur, þúfur, grjót og annað kunni að vera utan stíga sem hægt sé að hrasa um með auðveldum hætti. Þá hafi snjóað þennan dag og því hafi M mátt vita að hún þyrfti að sýna enn frekari varkárni. Einnig hvíli engin skylda á X að fylla upp í sprungur, gjótur utan stíga eða merkja þær sérstaklega. Því er alfarið hafnað að X hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi og ekki sinnt viðhaldi í samræmi við vegalög nr. 80/2007. Loks sé ekki hægt að færa rök fyrir að frekari slys á svæðinu leiði sjálfkrafa til bótaskyldu X.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að M féll um sprungu sem var utan göngustígs nálægt bílastæði við Búrfellsgjá. Tjónþoli, M ber sönnunarbyrgði fyrir því að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu vegna skorts á viðhaldi. Gögn málsins sýna að slysið var þegar M var við göngu utan göngustígs sem lagður var af X. Þannig féll M í sprungu sem var utan stíginn og gera má ráð fyrir í náttúrulegu umhverfi. Sveitarfélagið X getur þannig ekki borið ábyrgð á óhöppum þegar göngugarpar ganga utan stíga og detta, hvort sem um er að ræða sprungu, gjótu, þúfu eða annað í náttúrulegu umhverfi. Vegna niðurstöðu málsins kom ekki til skoðunar hvort umræddur göngustígur félli undir ákvæði vegalaga nr. 80/2007.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir